

Pingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 12. nóvember 2024
UST202410-058/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Kröfluvirkjun, niðurdælingaholur - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kröfluvirkjun, niðurdælingarholur.

Í greinargerð kemur fram að áhersla hefur verið á að draga úr yfirborðslosun þéttivatns í Dallæk og er því lagt til að bæta í niðurdælingu þéttivatns. Breyting á deiliskipulagi felist í því að staðsettar eru tvær nýjar niðurdælingarholur fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð á þegar skilgreindu 0,4 ha niðurdælingarsvæði sunnan við kæliturninn í Kröflu. Innan niðurdælingarsvæðisins er fyrir ein niðurdælingarhola sem var boruð árið 2022.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir álagi á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í deiliskipulaginu í samræmi við um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹. Löggin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Hér er um að ræða framkvæmd sem munu hafa áhrif á grunnvatn og yfirborðsvatn.

Samkvæmt lýsingu framkvæmdaraðila er tilgangur framkvæmdarinnar að bora tvær holur til niðurdælingar á þéttivatni og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhluta af þéttivatni er fargað í dag. Í greinargerð kemur fram að losa á þéttivatn á 130 - 250 m dýpi. Því þarf að fjalla um að mati Umhverfisstofnunar í greinargerð af hverju þetta dýpi er valið og þessi staður.

Grunnvatnshlotið Krafla-Bjarnarflag (102-278-1-G) er á framkvæmdarsvæðinu og hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Jafnframt er straumvatnshlotið Dallækur (102-1725-R) á svæðinu sem hefur umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand og gott vistfræðilegt ástand. Fram kemur í vatnaáætlun 2022-2027 að óvissa ríki um hvort bæði þessi vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand vegna mögulegs efnaálags. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega

¹ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrir séð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.² Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála³). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.
- Umhverfisstofnun leggur til að vöktunaráætlun fyrir Kröflustöð sé uppfærð í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála. Skila þarf vöktunargögnum í skilagátt stjórnar vatnamála (vatn.is). Ekki er hægt með öðrum formlegum hætti að staðfesta að umhverfismarkmið vatnshlots náist.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar dagsett 3. júlí 2024 kom fram að gera þyrfti áhrifamat á þau vatnshlot sem framkvæmdin hefur áhrifa á í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Slíkt áhrifamat hefur ekki farið fram.

² [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

³ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

Umhverfisstofnun bendir því á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en tilskilin leyfi eru veitt svo sem framkvæmdarleyfi og/eða starfsleyfi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur